



MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM

Ársskýrsla 2012



Ábyrgðarmaður :
Guðjónína Sæmundsdóttir
Hönnun: Ásdís Pálsdóttir
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS)
Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ.
Sími 421-7500
netfang: mss@mss.is,
heimasíða: www.mss.is,
Markviss þarfagreiningaraðferð:
www.markviss.hugverk.is

Ávarp stjórnarformanns



Þann 10. desember 2012 varð Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum 15 ára. Við stofnun hennar árið 1997 má með góðum rökum halda því fram að bylting hafi orðið í menntunarmálum á Suðurnesjum. Síðan þá hefur miðstöðin sífellt leitað nýrra leiða til að bregðast við þörfum Suðurnesjamanna í símenntun og fullorðinsfræðslu.

Helstu viðfangsefni og áherslumál stjórnar síðasta árið hafa verið margvísleg. Megin hluta ársins var Ólafur Jón Arnbjörnsson stjórnarformaður og hafði hann sinnt þeirri skyldu með þryði í mörg ár og vil ég færa honum þakkir fyrir starf hans fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og fyrir gott samstarf í stjórn miðstöðvarinnar.

Á árinu var haldið áfram með umfangsmikla stefnumótun sem unnin hefur verið í nokkur ár. Stefnan var metin miðað við breyttar aðstæður og starfsemin skoðuð út frá settum markmiðum. Leitað var nýrra leiða, rætt um hvernig eflla mætti samstarf við atvinnulífið og styrkja tengsl miðstöðvarinnar við einstaklinga og stofnanir á svæðinu.

Hluti af daglegu starfi virkrar símenntunarmiðstöðvar er stöðug endurskoðun á námskeiðum og námsleiðum. Því ber hvert starfsár með sér nýjar áherslur og nýjar áskoranir. Á síðustu árum hefur MSS þróað og notað þarfagreiningarkerfið Markviss sem greinir þörf einstaklinga og fyrirtækja fyrir menntun. Í kjölfarið er veitt leiðsögn og leiðir mótaðar til að mæta þörfinni.

Hluti af stefnumótun og þarfagreiningu er að styrkja innra starf stofnunarinnar. Mikilvægt er að miðstöðin viðhaldi því trausti sem Suðurnesjamenn bera til hennar því trúverðugleiki er mikilvæg auðlind fyrir menntastofnun. Breytingar hafa verið gerðar á vinnulagi með það að markmiði að auka gagnsæi, verkferlar hafa verið styrktir og innra eftirlit aukið. Til að mynda hefur nú verið lokið við vinnu gæðahandbókar og stjórnin vinnur nú að eigin starfsreglum.

Á árinu hefur talsverð vinna farið í að meta námsbrautir sem kenndar eru í MSS þannig að þær falli að framhaldsskóla- og háskólakerfinu. Á þann hátt geta nemendur úr t.d. Menntastöðum lokið námi til stúdentsprófs í fjölbrautarskóla og nýtt þær einingar sem aflað hefur verið hjá MSS. Nokkuð góður árangur náðist á árinu þó ennþá sé unnið að verkefninu í samstarfi við aðra fræðsluaðila á svæðinu.

Eitt af markmiðum MSS er að vera með fyrirmyndar aðstöðu fyrir fjarnám og fjarkennslu. Talsvert af tíma stjórnar á síðasta ári hefur farið í að afla fjármagns fyrir fjarnámið. Greiðslur ríkisins vegna fjarnámsins taka ekki mið af fjölda fjarnema. Fjöldinn hefur aukist mjög mikið undanfarin ár og þessa önn stunda rúmlega 160 nemendur nám í fjarnámi í gegnum MSS.

Eitt af einkennum MSS er mikill sveigjanleiki. Miðstöðin þarf að endurspegla síbreytilegt samfélag í störfum sínum og það getur verið krefjandi og tímafrekt. Til þess þarf öflugt og gott starfsfólk. Stjórn Miðstöðvar símenntunar metur áhuga og dugnað starfsmanna og veit að án mannaúðsins væri starfið ekki eins farsælt og raunin sýnir.

Það er öllum ljóst að gott starf er ekki síst farsælum forstöðumönnum að þakka, og það er ekki aðeins mat stjórnar að Guðjónína Sæmundsdóttir hafi staðið sig afbragðs vel í hlutverki sínu heldur höfðu starfsmenn MSS tilnefnt hana til stjórnendaverðlauna Stjórnvísis á liðnu ári. Slíkt traust er ekki lítils virði.

Það er ljóst að Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hefur slitið barnskónum. Áskorunin í dag er að viðhalda lifandi tengslum við samfélagið á Suðurnesjum, bregðast við þörfum þess og aðlaga það gamla að breyttum tímum. Með það að leiðarljósi á Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum svo sannarlega framtíðina fyrir sér.


Að lokum óska ég Suðurnesjabúum öllum innilega til hamingju með Miðstöðina sína, vonandi verða næstu ár jafn farsæl og þau 15 fyrstu.

Inga Sigrún Atladóttir

Formaður stjórnar Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum


Fjöldi námskeiða eftir árum

Fjöldi



Heildarfjöldi nemendastunda eftir árum

Fjöldi



Inngangur forstöðumanns

Afleiðingar atvinnuleysis á Suðurnesjum hafa verið áberandi í starfsemi MSS undanfarin ár og margir sem hafa kosið að nýta tímann og auka færni sína á atvinnumarkaði. Atvinnuleitendum fækkaði árið 2012 og var hægt að merkja það í minni aðsókn á námskeið hjá MSS. Fyrir starfsfólk MSS hefur verið einkar ánægjulegt að fylgjast með jákvæðum persónulegum þroska þeirra nemenda sem hafa komið til okkar. Við höfum fengið að fylgjast með einstaklingum sem koma inn jafnvel með lítið sjálfstraust og litla trú á námsgetu sína. Í næstum hundrað prósent tilvika hafa þessir einstaklingar öðlast trú á eigin hæfni og getu og eru tilbúnir að takast á við næstu skref í lok náms hjá MSS. Þessu má þakka starfsfólki og kennurum sem leggja sig alla fram um að finna leiðir sem henta hverjum og einum og því stuðningskerfi sem sniðið hefur verið utanum nemendur. Mikilvægt er að halda vel utanum nemendur og að þeir geti leitað til ráðgjafa og verkefnastjóra eftir þörfum. MSS hefur leitast við að mæta þörfum nemenda með markvissri náms- og starfsráðgjöf, könnun á lesblindu og stuðningshópum þegar þess er þörf.

Fækkun í fjölda sem nýtti sér þjónustuna

Síðustu ár hafa atvinnuleitendur leitað mikið til miðstöðvarinnar og hefur MSS átt gott samstarf við Vinnumálastofnun og félagsþjónustur varðandi þennan hóp. Markmið MSS er að undirbúa þennan hóp vel fyrir þann tíma þegar atvinnuástandið fer að lagast og aðstoða þannig einstaklinga til að komast sem fyrst til vinnu. Íbúar á Suðurnesjum hafa verið mjög duglegir við að nýta sér þjónustu MSS eins og náms- og starfsráðgjöfina og hafa ófáir gert ferilskrá, færnimöppu, sett sér markmið og þannig undirbúið sig fyrir betri tíma. Aðrir hafa bætt stöðu sína á vinnumarkaði með því að hefja nám að nýju og hafa margir fengið góðan stuðning frá Vinnumálastofnun við það. Fjölmargir hafa byrjað sín fyrstu skref í námi hjá MSS og er orðið nokkuð algengt að einstaklingar komi í Grunnmenntaskólann mjög óvissir um hvort að nám henti þeim en samt með smá vilja til að prufa og uppgötva að þeir geti lært og fara margir hverjir áfram í Menntastöðir. Þegar einstaklingar hafa lokið Menntastöðum er nánast ekkert sem stöðvar þá og halda flestir áfram í frumgreinadeildir eða háskólabrú.



Erlendir nemendur

Öflug íslenskukennsla hefur verið einn af hornsteinum starfsemi MSS til margra ára. Hjá MSS er kennd íslenska á mörgum stigum þar sem bæði er verið að æfa skrif- og talmál. Eitt af markmiðum MSS er að hjálpa einstaklingum til að þróa sig áfram og er m.a. unnið í því að hvetja erlenda nemendur sem hafa góða íslenskukunnáttu til að hefja nám með Íslendingum eins og í Grunnmenntaskólanum, Menntastöðum, Skrifstofuskólanum o.s.frv. Því er að aukast að erlendir nemendur sitji á skólabekk með Íslendingum sem er ánægjulegt en það bæði hjálpar nemendum að læra íslenskuna enn betur og eykur fjölbreytileikann meðal nemendahópa MSS.

Fjarnám á háskólastigi

Þjónusta MSS við nemendur á háskólastigi jókst á árinu þar sem mjög stór hópur hóf nám á háskólastigi við Háskólann á Akureyri með aðstöðu hjá MSS. Aldrei hefur jafn stór hópur stundað nám á háskólastigi með aðstoð frá MSS. Mikil vonbrigði voru að ekki fékkst stuðningur frá Ráðuneytinu né nær samfélaginu til að brúa kostnað við þessa þjónustu.

Mikil gerjun

Mikil gerjun hefur verið í framhaldsfræðslunni undanfarin ár og sér ekki fyrir endann á því. Starfsfólk MSS hefur verið duglegt að tileinka sér nýjungar og að bjóða upp á nýja þjónustu og nýtt nám. Eljusemi og dugnaður hefur einkennt starfsfólk MSS frá upphafi og fyrir það ber að þakka því ekkert fyrirtæki er betra eða verra en það starfsfólk sem þar vinnur.

Guðjónína Sæmundsdóttir

Forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum

Stjórn og starfsfólk MSS

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2012 frá janúar – ágúst 2012

Breytingar urðu á stjórn MSS á árinu en Ólafur Jón Arnbjörnsson fór úr stjórn um mitt ár eftir að hafa setið þar frá upphafi. Einnig fór Guðjón Arngrímsson úr stjórn MSS.

Ólafur Jón Arnbjörnsson Stjórnarformaður
Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Ellert Eiríksson
Atvinnurekendum

Guðjón Arngrímsson
Stéttarfélögum

Sigurgestur Guðlaugsson
Reykjanesbæ

Inga Sigrún Atladóttir
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum

Varamaður Ingu Sigrúnar:
Þuríður Gísladóttir
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum

Varamaður Sigurgests:
Dröfn Rafnsdóttir
Reykjanesbæ

Varamaður Ólafs Jóns:
Kristján Ásmundsson
Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Varamaður Guðjóns:
Guðbrandur Einarsson
Verslunarmannafélag Suðurnesja



Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2012 frá september – desember 2012

Inga Sigrún Atladóttir Stjórnarformaður
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum

Ellert Eiríksson
Atvinnurekendum

Guðbrandur Einarsson
Stéttarfélögum

Sigurgestur Guðlaugsson
Reykjanesbæ

Kristján Ásmundsson
Fjölbrautaskóla Suðurnesja


Varamaður Ingu Sigrúnar:
Þuríður Gísladóttir
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum

Varamaður Sigurgests:
Dröfn Rafnsdóttir
Reykjanesbæ

Varamaður Kristjáns:
Guðlaug Pálsdóttir
Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Varamaður Guðbrands:
Kristján Gunnarsson
Verkalýðs-og sjómannafélags
Keflavíkur og nágrennis

Stjórnin hélt 7 bókaða fundi á árinu 2012.





Anna Lóa Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, í 100% starfi.

Ásdís Vilborg Pálsdóttir, skrifstofustjóri, í 100% starfi.

Birna Vilborg Jakobsdóttir, verkefnastjóri atvinnulífs, í 75% starfi. Kom úr barneignarleyfi 1. ágúst.

Elísabet Pétursdóttir, náms- og starfsráðgjafi, í 100% starfi til 20. ágúst.

Eva Agata Alexdóttir, ráðgjafi fyrir Pólverja, í 90% starfi.

Eydna Fossdal, þjónustufulltrúi, í 50% starfi. Fór í barneignarleyfi í júní.

Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður, í 100% starfi.

Hjörleifur Þór Hannesson, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Hrönn Auður Gestsdóttir, þjónustufulltrúi, í 100% starfi.

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Jónína Magnúsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, í 100% starfi. Kom úr barneignarleyfi 1. september.

Kristinn Þór Jakobsson, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Kristinn Bergsson, þjónustufulltrúi, íhlaupavinna.

Ragnheiður Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Sveindís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri íslenskunámskeiða, í 100% starfi.

Særún Rósa Ástþórsdóttir, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Unnar Sigurðsson, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Nám fyrir einstaklinga

Gagn og gaman

Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar og fróðleiks. Þátttaka í þessum námskeiðum var minni þetta árið frá árinu áður og getur ein orsök verið að fólk hefur ekki eins mikla peninga á milli handanna, einnig að mjög mismunandi er hvað er í tísku hverju sinni. En þó voru ný námskeið hjá MSS sem fóru af stað og má nefna Indverska matargerð með Yesmine Olsson, 10 árum yngri á 10 vikum með Þorbjörgu Hafsteinsdóttur, Ræktun mat- og kryddjurta með Ásdísi Pálsdóttur og handverksnámskeiðið Nýju fötin keisarans með Kristínu Guðmundsdóttur.


Gömul námskeið skutu upp kollinum eins og Námskeið í táknmáli sem fór af stað eftir langt hlé og handverksnámskeið s.s. Leðurtöskugerð, Skartgripagerð, Námskeið í hekli og fleira var á sínum stað. MSS býður öðrum námskeiðshöldurum á svæðinu að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi og á árinu veitti MSS Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ þjónustu með skráningar og innheimtu á námskeiðsgjöldum fyrir þau námskeið sem fóru af stað hjá FMR. Haldin voru í heild sinni 32 námskeið í flokknum Gagn og gaman með færri þátttakendum en árið áður eða 29 % fækkun.

Tungumál

Töluverð fækkun var í tungumálanámskeiðum hjá MSS en áberandi var hvað norskan var vinsæl fyrri hluta ársins enda voru margir sem sóttu til Noregs í leit að vinnu. Einnig voru enskunámskeið haldin á árinu. Í heild sinni voru haldin 8 tungumálanámskeið á árinu en með færri þátttakendum frá árinu áður eða 31% fækkun.


Tölvunám

Tölvunám er stór þáttur af stærra námi hjá MSS. Svo eru einstaka námskeið þar sem eingöngu er kennt á tölvur og var töluverð aukning á stökum tölvunámskeiðum þetta árið. Haldin voru 4 sérstök tölvunámskeið með fleiri þátttakendum frá árinu áður eða 125 % aukning.



Gagn og gaman

Fjöldi þátttakenda



Atvinnulífið

Að stíga skrefið og vaxa

Að hefja nám á fullorðinsárum getur reynst mörgum stórt skref. Huga þarf að ytri aðstæðum í lífinu um leið og setja þarf saman skipulag í námi svo markmiðum verði náð. Svo ekki sé minnst á þann hluta að yfirstíga hindranir eða áðurfengna vantrú á eigin getu. Þar skiptir sjálfstyrking og hvatning megin máli en stóri ávinningurinn í fræðslu fullorðinna felst oftast en ekki í auknu sjálfstrausti nemenda og trú á að þeir geti í raun lært.

Hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum gefst fullorðnum einstaklingum tækifæri til þess að mennta sig og undirbúa jafnvel næstu skref í námi. Stór og fjölbreyttur hópur stundar nám hjá miðstöðinni í lengri og styttri námsleiðum. Hópurinn er eðli málsins samkvæmt fjölbreyttur og með misjafna reynslu í farteskinu. Margir hafa ekki stundað nám í langan tíma og hafa jafnvel bitra reynslu frá fyrri skólagöngu. Flestir eiga það sammerkt fyrsta daginn að óttast eða kvíða því að hefja námið en ánægjan leynir sér ekki hjá þeim sem lokið hafa námi og jafnvel tekið ákvarðanir um næstu skref.

Ný tækifæri


Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum leggur metnað sinn í að skapa tækifæri til menntunar og anna mikilli eftirspurn eftir fjölbreyttum námsleiðum. Námsleiðir og smiðjur hafa verið mótsvar við alvarlegu atvinnuástandi og erfiðleikum í atvinnulífi á Suðurnesjum. Þar hefur MSS einblínt á leiðir til þess að veita nemendum tækifæri til að nýta námskeið og námsleiðir sem stökkpall í meira nám. Segja má að með þessum námsmöguleikum sé komið til móts við þá einstaklinga sem áður hafa fallið úr námi en aðstæður í MSS eru kjörnar til þess að byggja upp aukið sjálfstraust og fá nýja sýn á nám og störf.

Unnið hefur verið markvisst að samstarfi við aðra skóla þannig að meta megi nám hjá MSS t.d. til almennra greina í iðnnámi eða sem undirbúningur fyrir lengra bóklegt nám. Eins hefur tekist að skapa góða samfellu í bóklegu námi þannig að þeir sem minnstu menntun hafa geta tekið grunn í bóklegum fögum skref fyrir skref.

Námsleiðir og smiðjur

MSS hefur boðið upp á margar bóklegar námsleiðir í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þar má nefna Grunnmenntaskólann og Menntastöðir en þar er lögð áhersla á almennar greinar, upplýsingatækni og sjálfstyrkingu. Skrifstofuskólinn, sem er nám tengt störfum í skrifstofugreinum og Aftur í nám, námskeið fyrir lesblinda.

Grunnmenntaskólinn er 300 kennslustunda nám sem miðast við grunn í bóklegum fögum. Leiðin hentar vel fyrir þá sem hafa litla formlega menntun og jafnvel ekki lokið grunnskóla. Reynslan hefur sýnt að Grunnmenntaskólinn er góður undirbúningur fyrir Menntastöðir og að skapa má samfellu í námi með þessum leiðum og þannig bæta möguleika brottfallsnemenda til þess að fara aftur af stað í nám. Eins hefur Grunnmenntaskólinn reynst góð leið fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál til þess að þjálfra talað mál sem og ritað. Um 30 nemendur luku Grunnmenntaskólanum árið 2012 og nokkuð stór hluti þeirra hélt áfram í meira nám, t.d. í Menntastöðum.



Menntastoðir njóta síaukinna vinsælda hjá miðstöðinni og hefur námsleiðin sannarlega fest sig í sessi. Boðið er upp á þrjár leiðir þ.e. staðnám, dreifinám og fjarnám. Sífellt fleiri nýta sér námsleiðina sem fyrsta skref að frekara námi og stór hluti útskrifaðra halda áfram í nám. Vel hefur tekist að sporna við brottfalli nemenda úr námsleiðinni en mikið álag og hraði í náminu hefur oft reynst nemendum erfiður þröskuldur. Aukin sjálfstyrking, betri tengsl við verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa hefur stuðlað að því að brottfall er nánast ekkert og hóparnir eru samheldnari og einstaklingarnir metnaðarfyllri fyrir vikið.

Skrifstofuskólinn er námsleið tengd skrifstofugreinum og er ætluð þeim sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki eða þeim sem vilja efla sig í starfi. Lokamarkmið leiðarinnar er m.a. að nemendur efli færni, auki sjálfstraust og hæfni til þess að starfa á nútímaskrifstofu. Leiðin hefur notið vinsælda og ný tækifæri skapast t.d. með raunfærnimati, unnið í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi.


Aftur í nám er námsleið sem hefur skapað sér sess í samfélaginu en leiðin er ætluð lesblindum einstaklingum og byggir á Ron Davis aðferðinni um lesblinduleiðréttingu. Óhætt er að segja að námskeiðið hafi opnað dyr fyrir marga einstaklinga sem töldu að þeir gætu aldrei yfirstigið þá hindrun sem lesblinda getur óneitanlega verið í námi. Leiðin veitir einstaklingum trú á því að þeir geti lært og bætir lífsgæði margra lesblindra einstaklinga.

Undanfarin 2 ár hefur MSS þróað 120 kennslustunda smiðjur eftir námsskrá FA um Opnar smiðjur. Meginmarkmið smiðjanna er að leyfa þátttakendum að kynnst ákveðnum fögum og störfum með því að læra vinnubrögð í gegnum vinnustofur (work shop). Á síðasta ári keyrði MSS Járn- og trésmiðju, Hljóðsmiðju, Kvikmyndasmiðju og Grafíska hönnunarsmiðju sem allar tókust vel og var þátttaka góð. Grafíska hönnunarsmiðjan var vinsælust og fóru 5 hópar í gegnum námið árið 2012.

Seinni hluta árs 2012 hóf MSS að þróa framhald á Hljóðsmiðju og Kvikmyndasmiðju til að tengja við framhaldsnám í greinunum, annars vegar við Tækniskóla Íslands og hins vegar Kvikmyndaskóla Íslands. Sú þróunarvinna er enn í gangi og mun afraksturinn liggja ljós fyrir á vorönn 2013.

Fjölbreyttir kennslumöguleikar

Innan Menntavísinda hafa skapast auknir möguleikar hjá MSS og í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar. MSS hefur í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar fjarkennt tvær námsleiðir á árinu 2012 og þar með aukið möguleika á að fara af stað með fjölbreyttara nám óháð því að mikill fjöldi sé á svæðinu sem vill fara í námið. Fjarnám er form sem MSS mun skoða enn betur í framtíðinni.



Tölvur eru inn í starfstengdum námskeiðum til 2009. Árið 2010 hefur flokkast sem Nám fyrir einstaklinga og koma ekki lengur inn í rauðu súlun. Fram til 2010 eru því tölvunámskeið bæði gráa súlan og telja líka með inn í starfstendnámskeið (rauðu súluna)

Atvinnulífið



Fyrirtækjaþjónusta

MSS þjónustar fyrirtæki á Suðurnesjum með margvíslegum hætti. Helst ber að nefna þá þjónustu sem MSS býður upp á í samstarfi við Starfsafl sem ber heitið Fræðslustjóri að láni.

Með þjónustunni Fræðslustjóri að láni starfar fulltrúi MSS með starfsfólki fyrirtækis, vinnur að þarfagreiningu fyrir námskeiðapörf fyrirtækisins og leggur fram fræðslustefnu fyrir fyrirtækið þegar verkinu lýkur. Vinnan er kostuð af Starfsafl og krefst eingöngu vinnuframlags af fyrirtækinu.

MSS hefur jafnframt sótt um styrki í starfsmenntasjóði fyrir hönd fyrirtækja fyrir styttri námskeið og hefur sú þjónusta aukist til muna. Mörg fyrirtæki hafa í kjölfarið verið með fasta stefnu í námskeiðahaldi. Sem dæmi hefur MSS þjónustað IGS undanfarin ár með gæða- og skyndihjálparnámskeið sem styrkt hafa verið af Starfsafl.

MSS hefur starfað með Starfsmennt að tilkomu Fríhafnarskólans sem haldinn er fyrir starfsfólk fríhafnar FLE. Þar hefur MSS komið að almennri skrifstofuþjónustu við skólann auk leigu á húsnæði. Hefur skólinn tekist mjög vel og hlaut í janúar 2013 Starfsmenntaverðlaun SAF.

MSS sérsníður námskeið fyrir fyrirtæki með stuttum þarfagreiningum á námskeiðapörf starfsfólks. Á síðasta ári starfaði MSS með Rammagerðinni / 66° norður við að skipuleggja þjónustu- og sölunámskeið fyrir starfsfólk verslunar í FLE. Jafnframt vann MSS að þarfagreiningu fyrir starfsfólk skrifstofu HS Orku að sérsniðnu töflureiknisnámskeiði sem haldið var haustið 2012.

Fyrir utan hin hefðbundnu fyrirtæki hefur MSS þjónustað Grindavíkurbæ með fyrirlestra og fundarstjórn á starfsdegi sveitarfélagsins.

Markviss - þarfagreining

Markviss er þarfagreiningaraðferð til að vinna kerfisbundið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum og stofnunum. Með Markviss er tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna. MSS hefur notast við Markviss aðferðina frá árinu 2002 og hafa mörg fyrirtæki bæði á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu notið þjónustu MSS.

Á árinu 2012 hófst vinna við tvö Markviss verkefni. ISS á Íslandi fékk fræðslustjóra að láni sem er samstarfsverkefni sem Starfsafl, Landsmennt og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks stendur fyrir. Verkefnið felst í því að fyrirtækið fær Markviss ráðgjafa að láni (frá MSS) sem sér um að gera þarfagreiningu og útbúa fræðsluáætlun fyrir fyrirtækið.

MSS hóf einnig á árinu greiningu á þörf fyrir starfsmenntun meðal háseta og bátsmanna á frystitogurum, greiningin er unnin fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Verkefnastjóri MSS leiðir vinnuna á landsvísi.



Náms og starfsráðgjöf hjá MSS

Tveir fastráðnir náms- og starfsráðgjafar starfa hjá MSS. Það er óhætt að segja að náms- og starfsráðgjöf njóti sífellt meiri vinsælda hjá almenningi á Suðurnesjum. MSS hefur sinnt atvinnuleitendum mikið hin síðari ár en það hefur aukist að hinn almenni bæjarbúi nýti sér þjónustuna og komi jafnvel oftar en einu sinni. Þjónustan sem einstaklingar nýta sér tengist sjálfstyrkingu, markmiðasetningu, virkniskráningu o.fl.

Áhugasviðsgreiningar

Þeim sem nýta sér áhugasviðsgreiningar fer fjölgandi en tvær slíkar eru í boði hjá MSS. **Strong** áhugasviðsgreiningin nýtur vaxandi vinsælda og fer þeim fjölgandi sem nýta sér hana til að auðvelda val sitt á námi í háskóla eða til að skoða aðra möguleika í lífinu. Áhugasviðsgreiningin **Í leit að starfi** hefur verið í boði endurgjaldslaust í mörg ár og hentar vel þeim sem eru að hugsa um breytingar á starfsvettvangi eða eru að taka fyrstu skrefin í námi.


Hópráðgjöf

Hópráðgjöfin hefur verið umfangsmikil þetta árið. Aðallega er um að ræða hópráðgjöf fyrir Starf (vinnumiðlun og ráðgjöf) sem er yfir lengri tíma og hins vegar fyrir Vinnumálastofnun sem er einn dagur í senn. Hópráðgjöf fyrir Starf er skipulögð í 6 x3 klst yfir mánaðartímabil. Þar er farið yfir réttindi og skyldur atvinnuleitenda og stéttarfélagið heldur kynningu. Þátttakendur gera ferilskrá, umsóknir og kynningarbréf sem þeir setja inn á Mínan síður hjá VMST. Þá læra þeir að nýta tengslanetið sitt og vinna eftir því, skoða og skrá sig á vinnumiðlanir ásamt því að fyrrum atvinnuleitandi segir þeim frá reynslu sinni í atvinnuleitinni. Einnig er farið í hvað þarf að hafa í huga í atvinnuviðtalinu og þátttakendur undirbúa sig að fara í sviðsett atvinnuviðtal. Þá hafa þeir sótt um ákveðið starf og senda ferilskrá sína á þann aðila sem tekur þau í viðtal. Þeir sem sinna þeim þætti eru vanir því að taka viðtöl. Í lok námskeiðs fá þátttakendur að vita hvernig gekk í viðtalinu, hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Þátttakendur svara stutttri könnun um námskeiðið í lokin. Fimm námskeið hafa verið á haustönn og hafa gengið vel samkvæmt niðurstöðum úr könnunum. Framhald verður á þeim á vorönn 2013.

Hópráðgjöfin fyrir VMST er einn dagur eins og fyrr segir, þar sem þátttakendur mæta í 1x3 klst. og útbúa ferilskrá og setja inn á mínar síður hjá vef VMST.

Stuðningur við nemendur

Náms- og starfsráðgjafar veita mikilvægan stuðning til nemenda MSS. Fyrir utan að kenna námstækni og sjálfstyrkingu eru þeir til staðar með ráðgjöf þegar nemendur sækja eftir slíku. Fyrstu skrefin í námi eftir jafnvel langt hlé, reynast mörgum erfið. Góður stuðningur er því mikilvægur en bæði getur verið um námslegan og persónulegan stuðning að ræða.



Samvinna

Náms- og starfsráðgjafar sinntu ráðgjöf og kennslu fyrir Samvinnu - starfsendurhæfingu. Þá hafa nemendur Samvinnu leitað eftir aðstoð við að skipuleggja námsferil sinn að endurhæfingu lokinni.

Raunfærnimat

Tvö raunfærnimatsverkefni hafa verið unnin á árinu. Annars vegar raunfærnimat í skrifstofufærni í samræmi við Skrifstofubraut 1 í Menntaskólanum í Kópavogi og hins vegar raunfærnimat í Verslunarfagnámi, sem er námskrá Fræðslumiðstöðvarinnar. 10 einstaklingar tóku þátt í raunfærnimati á skrifstofubraut en 11 tóku þátt í verslunarfagnáminu. Bæði verkefnin gengu vel og stóðust áætlanir og viðmið.

Nemar

MSS hefur tekið á móti nemum undanfarin ár, bæði í styttri heimsóknir og svo yfir lengri tíma. Það hefur verið nemandi úr náms- og starfsráðgjöf HÍ hjá MSS í allan vetur u.þ.b tvisvar sinnum í viku. Gert er ráð fyrir að nemandinn hafi aukið þekkingu og skilning á starfinu og búi þannig yfir ákveðinni þekkingu og hæfni að þjálfun lokinni. Þá á nemandinn að geta tengt saman fræðilega þætti við vettvang og geta sýnt fram á hæfni í samskiptum, upplýsingalæsi og miðlun.

MSS tók einnig á móti nemendum í vettvangsheimsókn 1. og 2. október s.l. Vettvangsheimsóknir eru mikilvægur þáttur í námi þeirra og efla náms- og starfsráðgjöf faglega. Markmið þessarar heimsóknar er að nemendur fái innsýn í náms- og starfsráðgjöf á ólíkum vettvangi og komu tveir nemar hingað í þetta skiptið.

Þróunarverkefni

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum er virkur þátttakandi í þróunarverkefnum á sviði framhaldsfræðslunnar. Flest verkefni eru samstarfsverkefni styrkt af þróunarsjóðum.

Eftirfarandi verkefnum var unnið að á árinu:

Fagnámskeið fyrir ófaglært starfsfólk á leikskólum í fjarnámi
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslunet Suðurlands, Farskólinn og Fræðslumiðstöð Vestfjarða fóru af stað með fjarnám í fagnámskeiðum fyrir ófaglært starfsfólk á leikskólum. Nemendur voru á öllum stöðum sem og kennarar. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst haustið 2012 og mun ljúka á árinu 2013.

Félagsliðabrá í fjarnámi

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fræðslunet Suðurlands fóru af stað með fjarnám í félagsliðabrá. Nemendur voru á bæði á Suðurlandi og Suðurnesjum. Kennnt var frá báðum stöðunum. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið var unnið haustið 2012.

Hljóðsmiðja

Markmið verkefnisins er að halda áfram þróun á námsframboði í framhaldsfræðslu og skapa tengingu á milli skólastiga þannig að nemandinn eigi greiða leið úr framhaldsfræðslunni inn í formlega skólakerfið eða í nám sem veitir honum réttindi. Markmið með þessu verkefni er að þróa nám í framhaldsfræðslu í Hljóðvinnslu sem tryggir að þátttakendur uppfylli inngönguskilyrði í Hljóðtækninám hjá Tækniskólanum. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar. Verkefnið hófst haustið 2012 og mun ljúka á árinu 2013.

Kvikmyndasmiðja

Markmið verkefnisins er að halda áfram þróun á námsframboði í framhaldsfræðslu og skapa tengingu á milli skólastiga þannig að nemandinn eigi greiða leið úr framhaldsfræðslunni inn í formlega skólakerfið eða í nám sem veitir honum réttindi. Markmið með þessu verkefni er að þróa nám í framhaldsfræðslu í Kvikmyndavinnslu sem tryggir að þátttakendur uppfylli inngönguskilyrði í Kvikmyndaskóla Íslands. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið hófst haustið 2012 og mun ljúka á árinu 2013.

Tækninám

Verkefnið snýst um að búa til stutt tækninám sem hefur það að markmiði að efla námsáhuga, hvetja einstaklinga til að skoða tækninám og gera tækninám að raunhæfum möguleika fyrir einstaklinga með litla formlega skólagöngu að baki. Samstarfsaðilar eru Fjölbautaskóli Suðurnesja og Keilir. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið hófst haustið 2012 og mun ljúka á árinu 2013.



Greining á þekkingarþörf á Suðurnesjum

Markmið greiningar er að komast að þekkingar þörf atvinnulífs á Suðurnesjum til næstu 10 ára. Hvernig brúa á þekkingarbil milli þarfa atvinnulífs og vinnuafls. Verkefnið er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið hófst haustið 2012 og mun ljúka á árinu 2013.

Greining á þekkingarþörf meðal fatlaðra á Suðurnesjum

Markmið verkefnis er að greina markhóp fullorðinsfræðslu fatlaðra á Suðurnesjum. Mikilvægt er að skapa fötluðu fólki aðstöðu til sí- og endurmenntunar til að uppfylla þarfir þess og væntingar til náms. Því er mikilvægt að fyrirliggi fjöldi í markhóp, tegund fötlunar og væntingar og löngun í nám. Einnig verða skoðaðar þær leiðir í almennu námi sem fatlaðir geti nýtt sér. Verkefnið er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið hófst haustið 2012 og mun ljúka á árinu 2013.

Virkjum brottfallsnemendum

Markmið verkefnisins var að aðstoða ungt fólk á aldrinum 18 – 25 ára að fá áhuga á að halda áfram í námi og/eða vinnu. Unnið var að því að koma ungmennum í virkni í samfélaginu, að efla þau í ákvarðanatöku um eigið líf og að hjálpa þeim að sjá tilganginn með menntun og starfsframa. Verkefnið er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Verkefnið var unnið haustið 2012.




Íslenska fyrir útlendinga

Stærsti hluti nemenda í íslenskunámi hjá MSS síðastliðin ár hafa verið atvinnuleitendur og hafa flest námskeiðin því verið haldin að degi til. Alls sóttu 182 nemendur íslenskunámskeið á vorönn og 168 á haustönn á árinu 2012. Flestir nemendur okkar hafa verið af pólsku bergi en sú breyting varð á síðastliðnu ári að hælisleitendum fjölgaði til muna í nemendahópnum. Það má því segja að fjölmeningin hafi blómstrað í MSS á árinu 2012. Íslenskukennsla á vegum MSS fór fram á þremur stöðum á Suðurnesjum, í Sandgerði, Grindavík og Reykjanesbæ. Flestir íslenskunemendur úr Sandgerði og Grindavík komu í nám á vegum fiskvinnslufyrirtækja og var samstarf MSS við fyrirtæki í sjávarútvegsgeiranum farsælt.

Sú jákvæða þróun hefur orðið síðustu árin að fleiri nemendur sækja fleiri námskeið, ljúka jafnvel 5 stigum og hafa nokkrir haldið áfram upp í Grunnmenntaskóla og Menntastöðir eða valið sér styttri námsleiðir s.s. skrifstofuskólann. Sú þróun veitir nemendum vissulega aukna starfsmöguleika.

Auk íslensku 1-5 var landnemaskólinn starfræktur á haustönn og þaðan útskrifuðust 12 nemendur. Landnemaskólinn er 120 kennslustunda námstilboð. Námið í landnemaskólanum samanstendur af íslensku talmáli, samfélagsfræði, tölvu- og upplýsingamennt og færni- og ferilskrárgæð. Flestir þátttakendur í landnemaskólanum að þessu sinni voru atvinnuleitendur sem koma frá 7 afar ólíkum löndum.

Fjöldi íslenskunema eftir árum




Þjónusta við Pólverja


MSS var með starfsmann í starfi sem sinnti ráðgjöf og þjónustu við Pólverja. Haldin voru fjölmörg námskeið í færnimöppu, ferilskrárgæð og hvernig eigi að fara í atvinnuviðtal. Einnig voru haldin nokkur námskeið fyrir Pólverja.

Námskeið fyrir Pólverja

Fjöldi þátttakenda



Útibú MSS í Grindavík



Annað heila starfsárið hjá útibúi MSS í Grindavík gekk ágætlega. Aukning var frá árinu á undan en þar munaði mest um Grunnnámskeið í fiskvinnslu en þau námskeið voru 8 talsins. Einnig var haldið fjölbreytt úrval námskeiða s.s. enska, grafísk hönnunarmiðja, tölvunámskeið, saumanámskeið, svæðanudd, sáning mat- og kryddjurta o.s.frv. Gott samstarf var við Grindavíkurbæ og kom MSS m.a. að starfsdegi starfsmanna Grindavíkurbæjar með fyrirlestrum og fundarstjórnun.

Erlent samstarf

Nordplus Voksen – REACH

MSS tók þátt í verkefninu REACH ásamt Fjölbautaskóla Suðurnesja, Modern Didactics Center í Litháen og Pirkanmaa Westcome Adult Education Unit í Finnlandi. Verkefnið hófst á árinu 2010. Á árinu 2011 var unnið að verkefninu í heimalandi ásamt að einn fundur var á Íslandi. Verkefnið snýr að því að ná til hóps sem að öllu jöfnu er erfitt að ná til og sníða námskeið fyrir þann hóp. MSS einbeitti sér að hópnum ungar einhleypar mæður og var í samstarfi við Reykjanesbæ um verkefnið. Verkefninu lauk í júní 2012.



Leonardo Transfer of Innovation – INSIGHT

Haustið 2011 hóf MSS tveggja ára samstarfsverkefni með 6 öðrum löndum um verkefni sem ber nafnið INSIGHT. Verkefnið snýr að því að þróa tæki sem nýtist í vinnu með atvinnulausum. Verkefninu er stýrt frá Búlgaríu og Englandi. Verkefnið miðar að því að þróa verkfæri sem á að hjálpa þeim, sem hvað höllustum fæti standa í atvinnuleitinni, við að auka sjálfsstraust, sjálfsþekkingu, eða auka starfshæfni og jákvæðni gagnvart því að afla sér nýrrar færni. Markhópur verkefnisins er atvinnuleitendur yngri en 25 ára, atvinnuleitendur eldri en 45 ára, innflytjendur og börn þeirra og einstaklingar sem þarfnast félagslegra úrræða. Þá eru ráðgjafar einnig inni í markhópnum sem leiðbeinandi aðilar á námskeiði. Árið 2012 var unnið áfram að verkefninu m.a. sett upp heimasíða og unnið að uppfærslu verkefna. Haldnir voru tveir fundir á árinu í Litháen og Portúgal.



Grundtvig – LIME

MSS hóf 2ja ára verkefni, LIME, með 7 öðrum samstarfslöndum árið 2011. Markmiðið með verkefninu er að miðla upplýsingum um fræðslu til innflytjenda meðal samstarfslandanna s.s. bera saman námsefni og aðferðir sem notaðar eru í hverju landi. Verkefninu er stýrt frá Finnlandi. Haldnir voru tveir fundir á árinu í Sviss og á Ítalíu.

Misjafnt er á milli landa hvernig skipulagning er. Félagar okkar í Noregi nota náttúruna mikið í hópefli og þarna var forstöðumaður MSS látin ögra sjálfri sér og standa frammi fyrir ötta sínum.



Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses.

Ársreikningur

2012

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum ses.
Krossmóa 4
260 Reykjanesbæ
kt. 560298-2349

Rekstrarreikningur ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrartekjur		154.288.896	193.847.262
Aðrar tekjur		48.789.488	26.629.720
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(97.032.683)	(93.429.846)
Annar rekstrarkostnaður		(109.957.981)	(132.556.923)
Afskriftir fastafjármuna	6	(10.335.039)	(10.238.208)
Rekstrartap		(14.247.319)	(15.747.995)
Fjármunatekjur	4	3.142.491	2.806.515
Fjármagnsgjöld	5	(572.669)	(791.496)
Tap ársins		(11.677.497)	(13.732.976)

Efnahagsreikningur 31. desember 2012

Eignir	Skýr.	31.12.2012	31.12.2011
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	24.356.857	33.137.911
Fjárfestingarverðbréf	7	100.000	100.000
		24.456.857	33.237.911
Veltufjármunir	8		
Viðskiptakröfur		5.775.767	11.325.890
Aðrar skammtímakröfur		180.844	2.044.900
Handbært fé		80.465.632	68.269.654
		86.422.243	81.640.444
Eignir		110.879.100	114.878.355

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		98.646.702	110.324.199
Eigið fé		<u>98.646.702</u>	<u>110.324.199</u>
Skammtímaskuldir	10		
Viðskiptaskuldir		7.248.732	3.877.798
Aðrar skammtímaskuldir		4.983.666	676.358
Skuldir		<u>12.232.398</u>	<u>4.554.156</u>
Eigið fé og skuldir		<u>110.879.100</u>	<u>114.878.355</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

	Skýr.	2012	2011
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(14.247.319)	(15.747.995)
Afskriftir	6	10.335.039	10.238.208
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna, breyting		(25.069)	342.749
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		<u>(3.937.349)</u>	<u>(5.167.038)</u>
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun		7.439.248	1.110.676
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		7.678.242	(4.928.876)
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		<u>11.180.141</u>	<u>(8.985.238)</u>
Innborgaðir vextir og arður		3.142.491	2.806.515
Greiddir vextir		(572.669)	(791.496)
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>13.749.963</u>	<u>(6.970.219)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(1.553.985)	(7.679.713)
		<u>(1.553.985)</u>	<u>(7.679.713)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		12.195.978	(14.649.932)
Handbært fé í upphafi árs		68.269.654	82.919.586
Handbært fé í lok árs	8	<u>80.465.632</u>	<u>68.269.654</u>
Aðrar upplýsingar			
Veltufé til rekstrar	14	<u>(1.342.458)</u>	<u>(3.494.768)</u>

